



FUNDARGERÐ 39. ÁRSPINGS

*sem haldið var á Hótel Sögu, Reykjavík
4. og 5. nóvember 1988*



39. Ársþing Landssambands hestamannafélaga.

Árið 1988, föstudaginn 4. nóv., var Ársþing Landssambands hestamannafélaga sett og haldið að Hótel Sögu í Reykjavík.

Varaformaður L.H., Skúli Kristjánsson, setti þingið í veik-indaforföllum Leifs Jóhannessonar, sem dvelur á sjúkrahúsi. Bauð Skúli fulltrúa velkomna til starfa ásamt gestum, þ.á m. landbúnaðarráðherra. Hann minntist og hins kunna hestamanns Þorláks Björnssonar frá Eyjarhólum, sem látinn er. Rakti Skúli helztu æviatriði Þorláks og bað síðan þingfulltrúa að rísa úr sætum í virðingarskyni við hinn látna hestamann.

Þá kvaddi Skúli til skýrslugerðar formann kjörbréfanefndar, Kristmund Halldórsson, er gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Alls eru kjörnir fulltrúar 103, og óskaði formaðurinn þess, að þeir risu úr sætum, er hann nefndi nöfn þeirra, og frá hvaða félagi þeir væru kjörnir. Ekki reyndust allir fulltrúar mættir við þingsetningu, en þó vel flestir auk allmargra gesta.

Samkvæmt tillögum kjörbréfanefndar sitja eftirtaldir fulltrúar þingið:

Frá Andvara í Garðabæ:

Elísabet Þórólfsdóttir, Ólafur H. Einarsson, Örn Karlsson.

Frá Blæ, Norðfirði og Eskifirði:

Sigurður Sveinbjörnsson.

Frá Dreyra, Akranesi og nágrenni:

Kristján Heiðar Baldursson, Samúel Ólafsson.

Frá Faxe, Borgarfirði:

Guðrún Fjeldsted, Guðmundur Sigurðsson, Ólöf Guðbrandsdóttir, Sigurður Halldórsson.

Frá Fáki, Reykjavík:

Birgir R. Gunnarsson, Þorgeir Ingvason, Guðmundur Ólafsson, Hjalti Pálsson, Guðlaug Steingrímsdóttir, Katrín Stella Briem, Kristján Guðmundsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Þorvaldur Þorvaldsson, Geir Þorsteinsson, Gísli B. Björnsson (varam.), Viðar Halldórsson (varam.).

Frá Feyki, Öxarfirði:

Guðmundur Theodórsson.

Frá Freyfaxa, Fljótsdalshéraði:

Jóhanna Kristjánsdóttir, Jón Bergsson, Guðmundur Þorleifsson, Anna Bryndís Tryggvadóttir.

Frá Geisla, Breiðdalsvík og nágrenni:

Sigmar Pétursson.

Frá Geysi, Rangárvallasýslu:

Kristinn Guðnason, Guðmundur Einarsson, Steinþór Runólfsson, Árni Jóhannsson, Valmundur Gíslason.

Frá Glað, Dalasýslu:

Marteinn Valdimarsson, Kristján Gíslason.

Frá Glófaxes, Vopnafirði:

Brynhildur Arthúrsdóttir.

Frá Glæsi, Siglufirði:

Hreinn Júlíusson.

Frá Gnýfara, Ólafsfirði:

Sigurður Gunnl. Gunnarsson.

Frá Grana, Húsavík:

Gísli Haraldsson.

Frá Gusti, Kópavogi:

Kristmundur Halldórsson, Hreinn Árnason, Þorleifur Pálsson,
Björn Sigurðsson, Þorkell Jónsson.

Frá Háfeta, Þorlákshöfn:

Dagbjartur R. Sveinsson, Katrín Stefánsdóttir.

Frá Hendingu, Ísafirði:

Marínó Hákonarson.

Frá Herði, Mosfellsbæ og Kjósarsýslu:

Sigríður Johnsen, Guðmundur Jónsson, Trausti Þór Guðmundsson,
Bjarni Th. Mathiesen, Guðmundur Hauksson.

Frá Hornfirðingi:

Guðmundur Jónsson, Gunnar Sighvatsson.

Frá Kinnskæ, A-Barðastrandarsýslu:

Ása Björg Stefánsdóttir.

Frá Léttfeta, Sauðárkróki:

Sveinn Guðmundsson, Friðrik Guðmundsson.

Frá Ljúfi, Hveragerði og Ölfusi:

Halldór Guðmundsson, Gísli R. Sveinsson.

Frá Loga, Biskupstungum, Árn.:

Ólafur Einarsson, Kristinn Antonsson.

Frá Mána, Keflavík og Suðurnesjum:

Guðmundur Jónsson, Jón Þórðarson, Steinar Ragnarsson.

Frá Neista, Blönduósi og nágrr.:

Grímur Gíslason, Sigríður Hermannsdóttir.

Frá Óðni, A-Húnavatnssýslu:

Einar Höskuldsson.

Frá Sindra, Mýrdal og Eyjafjallasveit:

Albert Jóhannsson, Hermann Árnason.

Frá Sleipni, Selfossi og nágrenni:

Steinþór Guðmundsson, Már Ólafsson, Einar Hermundsson,
Halldór Vilhjálmsson.

Frá Smára, Hreppum, Árn.:

Sigurður P. Ásólfsson, Jón Vigfússon, Haraldur Sveinsson,
Sigfús Guðmundsson.

Frá Snæfara, Skagatrönd:

Sigurður Jónsson.

Frá Snæfaxes, Þistilfirði:

Sigfús A. Jóhannsson.

Frá Snæfellingi:

Tryggvi Gunnarsson, Högni Bæringsson, Ólafur Kristjánsson,
Ragnar Hallsson.

Frá Stíganda, Skagafirði:

Grétar Geirsson, Sigurður Ingimarsson, Björn Sveinsson.

Frá Stormi, Vestfjörðum:

Bragi Björgmundsson, Þorkell Þórðarson.

Frá Svaða, Hofsósi og nágrenni:

Gísli Sv. Halldórsson, Símon Gestsson.

Frá Sörla, Hafnarfirði:

Ágúst V. Oddsson, Pjetur N. Pjetursson, Sveinn Jónsson,
Margrét Vilhjálmsdóttir, Birgir Sigurjónsson.

Frá Trausta, Grímsnesi og Laugardal:

Elín Lára Sigurðardóttir, Böðvar Ingi Ingimundarson.

Frá Þjálf, S-Þingeyjarsýslu:

Kolbrún Ólafsdóttir, Agnar Kristjánsson.

Frá Þyt, V-Húnavatnssýslu:

Guðmundur Sigurðsson, Eggert Pálsson.

Frá Félagi tamningamanna:

Erling Ó. Sigurðsson, Hafliði Halldórsson.

Frá Dómarafélagi L.H. (án atkvæðisréttar):

Jóhann Þorsteinsson.

Frá Íþróttaráði L.H. (án atkvæðisréttar):

Pétur Jökull Hákonarson.

Auk framangreindra fulltrú mættu á þinginu:

Kolbrún Kristjánsdóttir æskulýðsfulltrúi.

Guðmundur Ó. Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Skúli Ögm. Kristjánsson stjórnarmaður.

Kári Arnórsson stjórnarmaður.

Gunnar B. Gunnarsson stjórnarmaður.

Guðrún Gunnarsdóttir stjórnarmaður.

Egill Bjarnason stjórnarmaður.

Sigbjörn Björnsson varastjórnarmaður.
Þorkell Bjarnason ráðunautur.
Kristinn Hugason ráðunautur.
Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri.
Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðarráðherra.
Steinþór Gestsson fv. formaður L.H.

1. Kosning starfsmanna að tillögu stjórnar L.H.:

Þingforsetar: Hjalti Pálsson, Guðmundur Jónsson.

Þingritarar: Grímur Gíslason, Árni Jóhannsson, Margrét
Vilhjálmisdóttir, Sigríður Johnsen.

2. Ávörp: Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðarráðherra ávarpaði þingið og óskaði fulltrúum góðs gengis í störfum og L.H. farsældar. Góður skilningur og vinsemd kom fram í máli ráðherra. Forseti þakkaði ávarpið og fundarmenn með lófataki.

Jónas Jónsson ávarpaði þingið. Hann þakkaði boð á þingið og lýsti góðu samstarfi við Guðmund Ó. Guðmundsson frkv.stj. L.H. hér í Bændahöllinni, en hann lætur nú af störfum. Búnaðarmálastjóri flutti þinginu og L.H. árnaðaróskir.

3. Skýrsla stjórnar: Hana flutti Kári Arnórsson í forföllum Leifs Kr. Jóhannessonar, sem liggur á sjúkrahúsi. Formaður gefur ekki kost á sér til endurkjörs, því að hann telur ekki heppilegt að sitja lengur en eitt kjörtímabil. Honum voru færðar sérstakar þakkir.

Fimm sóttu um starf framkvæmdastjóra, en stjórnin hefur ráðið Hjalta Pálsson, Reykjavík. Hjalti sagði hér um misskilning að ræða, að hann væri ráðinn.

Fjórtán stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, og eru varamenn yfirleitt boðaðir.

Aðsetur L.H. er í Bændahöllinni við Hagatorg. Guðmundur Ó. Guðmundsson er eini fasti starfsmaðurinn.

Tillögur og ályktanir síðasta ársþings:

Fræðslu- og útgáfumál: Haldinn var fundur til að ræða reiðskólamálin og ákveðið að óska eftir framgöngu landbúnaðarráðherra í málinu. Stjórn Reiðhallarinnar h.f. mun hefja eiginlegt skólahald í vetur, og Bjarni E. Sigurðsson hefur verið ráðinn skólastjóri.

Vísað var til skýrslu Kolbrúnar Kristjánsdóttur um æskulýðsmál.

Álit kynbótanefndar: Vísað til Sýninganefndar Búnaðarfélags Íslands og L.H. .

Álit gæðinga- og kappreiðanefndar: Gerðar voru breytingar á reglugerðum um gæðingakeppni og kappreiðar, og þeim hefur verið bætt inn í á viðeigandi stöðum.

Álit mótanefndar: Tilmæli um ýmis framkvæmdaa-triði lands- og fjórðungsmóta.

Álit fjárhagsnefndar: Tillögu um að endurvekja veðreiðar og blása í þær nýju lífi var vísað til sérstakrar nefndar.

Álit ferðanefndar: Leitað hefur verið til Náttúruverndarráðs, Landgræðslu ríkisins og sveitastjórna um samvinnu við rekstur á fjöl-
förnustu ferðamannastöðum á hálendinu.

Ályktun um framkvæmd á samkomulagi við Vegagerð ríkisins um
gerð reiðvega meðfram þjóðvegum bendir til, að framkvæmdir hafa ekki
orðið samkvæmt vonum. *Jath*

Álit allsherjarnefndar: Ályktun þingsins um búnað gripaflutninga-
tækja var komið á framfæri við yfirdýralækni. =

Útgáfumál og þess háttar: "Í morgunljómann", 35 ára starfssaga
L.H. var gefin út.

L.H. gefur út tímaritið "Hesturinn okkar".

afmælinut af Hest Okkar

Ný hestamannafélög: Hestamannafélagið Geisli í Breiðdal og Hending
á Ísafirði sóttu um inngöngu í L.H. og fengu hana samþykkt. Hafa þau um
50 féлага hvort. *2 ný*

Félagsbúningar: Talsvert ber á, að félagsbúningar séu samlitir,
og skrifstofa L.H. reynir að benda félögum á í því sambandi.

Samningar við Félag tamningamanna: Fulltrúar F.T., L.H. og
Félags hrossabænda hittust að Arnarstöðum í Flóa þann 8. des. 1987 og
gengu frá samningum um gjald fyrir tamningar og reiðkennslu. Samningar
þessir voru sendir öllum hestamannafélögum. ✓

Mótadagar félaganna: Skrifstofa L.H. vann úr umsóknum félaganna. ✓

Deildir dómarafélagsins raða dómurum niður á hestamótin og
íþróttaráð á íþróttamótin.

Reiðvegafé: Fjárveitinganefnd veitti 3.000.000 kr. í styrk.
Viðmiðunarreglur nefndar miðast við að hjálpa þeim fjórðungum sérstak-
lega, sem halda fjórðungs- eða landsmót það árið.

Áningarhólf L.H.: Í Skógarhólum í Þingvallasveit var venju
fremur mikið umleikis og miklar endurbætur gerðar. Umferð var mikil
þrátt fyrir leiðinlegt tíðarfar.

Á Hveravöllum var selt hey.

Biskupstungnahreppur annaðist heysölu og umsjá áningarhólfs
í Hvítárnesi.

Mestöll umferð um Kjalveg fer nú um Þjófadali. Áformað er að
beina umferðinni gömlu þjóðleiðina í gegnum Kjalhraun.

Áningarhólfasjóður: 1987 var ein úthlutun v/Hveravalla.
1988 Hestamannafél. Geysir 50.000, Hestamannafél Þjálfí, Funi og
Léttir 33.000 kr.

Ýmis mál: Komið var inn á deilumál eyfirzku hestamanna-
félaganna, en þau hótuðu að segja sig úr landssambandinu, þar sem
þau fengu ekki landsmótið 1990. Raktar voru aðgerðir og viðræður
í þessu viðkvæma máli.

Helztu viðburðir ársins:

Hestadagar í Reiðhöllinni.

Fjórðungsmót á Vesturlandi á Kaldármelum.

Íslandsmót í hestaíþróttum hjá Herði í Mosfellsbæ.

Árleg sýning stóðhesta í Gunnarsholti.

FEIF. Vísða til skýrslu íþróttaráðs og Sigurðar Ragnarssonar
um samtökin.

Um umferðarmál: Hestamenn þurfa að leggja ríka áherzlu á að taka aftur upp á Alþingi, að reiðvegagerð komist inn í löggjöf um vegagerð. Hestaferðir um hálendið eru vinsælar. Hestamenn verða að sýna náttúru landsins virðingu og alúð og gæta þess að afla leyfis og greiða endurgjald fyrir þá aðstöðu, er þeir nýta. Bent er á, að reiðleiðir eru margar í byggð, og býr Ferðahjónusta bænda sig undir að kynna hestamönnum þjónustu sína.

Frá Gæðinga- og unglínganefnd: Aðalverkefnið var undirbúningur fyrir héraðsdómaranámskeið.

Frá dómarafélagi L.H.: Landsdómararáðstefna var haldin í Reykjavík á vordögum.

Hesturinn okkar: Á fundi stjórnar L.H. 27. jan. 1988 var kjörin ritnefnd. Tímaritið kemur út sex sinnum á ári.

Fræðslunefnd: Nefndin hefur unnið að söfnun efnis til byrjendafræðslu.

Móta- og kappreiðanefnd: Íslandsmót í 300 m brokki, 30.8 sek., var staðfest. Það var sett í Pétursey 25. júní 1988. Hesturinn er Neisti frá Hraunbæ í Álftaveri, V-Skaft. Eigandi Guðmundur Jónsson, Deildarási í Reykjavík.

Reiðhöllin: Hún er í fjárhagsörðugleikum. Formaður L.H. beinir því til þingsins, að annaðhvort þurfi að auka hlutafé um ca. 30.000.000 eða leigja húsið einhverjum óviðkomandi aðilum. Formaður spyr, hvort hægt sé að fá alla félagsmenn L.H. til að gefa 5.000 hvern í Reiðhöllina. Það mundi gefa um það bil 32-35 millj. króna.

4. Ársreikningar L.H. lagðir fram. Gunnar B. Gunnarsson gjaldkeri las þá upp. Fjárhagur L.H. er góður.
5. Orðið var gefið frjálst um hina yfirgripsmiklu skýrslu stjórnarinnar, en hún lá fyrir þingfulltrúum í sérriti og vísast til hennar. Eftirtaldir menn kvöðu sér hljóðs: Kristján Guðmundsson, Hreinn Árnason, Bragi Björgmundsson, Gísli Björnsson, Guðrún Fjeldsted, Sigfús Jóhannsson og Tryggvi Gunnarsson. Allir þökkðu skýrslu og störf stjórnarinnar, en gagnrýndu þau og bentu á það, sem betur hefði mátt fara. Gísli B. Björnsson ræddi sérstaklega málefni Reiðhallarinnar og gerði grein fyrir erfiðum fjárhag byggingarinnar eins og hann er í dag. Hvatti Gísli mjög til þess, að hestamenn, hvar sem er á landinu, standi vörð um og fylki liði um hag og tilveru hússins. Benti ráðumaður á ákveðnar leiðir til hlutafjáröflunar, en það er mjög lítið miðað við byggingarkostnað hússins. Kári Arnórsson svaraði fyrir stjórnarinnar hönd ýmsu því, sem komið hafði fram í máli framanritaðra manna.
6. Þingforseti bar nú reikning L.H. fyrir árið 1987 ásamt reikningi Hestsins okkar undir atkvæði, og voru hvoru tveggja reikningarnir samþykktir samhljóða.
7. Skipun og formenn nefnda er þannig samkvæmt tillögum stjórnar og framkvæmdastjórn L.H.:

Allsherjarnefnd	Gísli B. Björnsson
Mótanefnd	Sigfús Guðmundsson
Fjárhagsnefnd	Birgir R. Gunnarsson
Kynbótanefnd	Steinþór Runólfsson
Ferðanefnd	Björn Sigurðsson
Gæðinga- og kappreiðanefnd	Jóhann Þorsteinsson
Fræðslu- og útgáfunefnd	Albert Jóhannsson
Laganefnd	Þorleifur Pálsson

8. Forseti lýsti því, hvar nefndirnar starfi, og þeim málum, sem til þeirra er vísað, en þau eru:

Pingskjal 1 til laganefndar svohljóðandi: "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu 4. og 5. nóvember 1988 samþykkir svohljóðandi viðauka við 4. gr. laga: Dómarafélag L.H. hefur rétt til að senda 1 fulltrúa með fullum réttindum á ársþing."

Þingskjal 2 til fjárhagsnefndar. Skúli Kristjánsson talaði fyrir því. Tillagan er þannig: "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu í Reykjavík 4. og 5. nóvember 1988 heimilar stjórn L.H. að auka hlut sambandsins í Reiðhöllinni h.f., enda komi til þess fé úr Kjarnfóður-sjóði."

Pingskjal 3 til laganeðndar svohljóðandi. Kári Arnórsson hafði framsögu: "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum L.H. 7. grein laga fyrir Landssamband hestamannafélaga hljóðar þannig: Stjórn L.H. skal skipuð 7 mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörgengir í stjórn L.H. eru allir fullgildir félagar í L.H. Stjórnarkosning skal vera skrifleg og óbundin. Skal kjósa formann og varaformann sérstaklega, en aðra stjórnarmenn skal kjósa sameiginlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil er til tveggja ára, og er öll stjórnin kjörin annað hvert ár. Í varastjórn skal annað hvert ár kjósa fimm, og taka þeir sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall.

9. grein hljóði þannig: Ársþing skal halda annað hvert ár á tíma-
bilinu september til nóvember á þeim stað, sem stjórn L.H. ákveður
hverju sinni. Stjórn sambandsins boðar til þings með 6 vikna fyrir-
vara með bréfi til formanna félaganna. Kjörgögn, álit starfsnefnda
og tillögur til ársþings L.H. skulu berast stjórn L.H. fjórum vikum
fyrir þing og sendast félögunum til kynningar 2 vikum fyrir þing.
Breytingartillögur, sem borizt hafa fyrir þing, skulu fjölritaðar og
þeim dreift með öðrum þingskjölum.

Það ár, sem ársþing er ekki haldið, boðar stjórn L.H. til formannafundar. Til hans skal boðað með tveggja vikna fyrirvara. Stjórn L.H. ákveður dagskrá formannafundar hverju sinni, og skal hún send út með fundarboði.

Til bráðabirgða: Verði þessar breytingartillögur við lögin samþykktar, koma þær til framkvæmda á ársþingi 1989."

Þingskjal 4 lagt fyrir fjárhagsnefnd af Gunnari B. Gunnarssyni:
 "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1988
 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 1988:

Tekjur:

1. Árgjöld félaga				
16 ára og yngri	364 á 325 kr.	118.300		
17-69 ára	5.594 á 650 "	3.636.100		
70 ára og eldri	383 á 0 "			
				3.754.400
2. Styrkir				100.000
3. Útgáfustarfsemi og aðrar tekjur				150.000
	Kr.			4.004.400

Gjöld:

1. Laun og launatengd gjöld	1.400.000
2. Húsaleiga og skrifstofukostnaður	960.000
3. Þinghald og fundir	310.000
4. Akstur og ferðakostnaður	270.000
5. Æskulýðsstarf	380.000
6. Dómaranámskeið og fræðsla	120.000
7. Kostnaður v. áningarhólfa L.H.	60.000
8. Vaxtagjöld umfram tekjur	200.000
9. Afskriftir	50.000
10. Ýmislegt ófyrirséð	254.000

Kr. 4.004.400

Þingskjal 5 vísað til ferðanefndar samkvæmt greinargerð svohljóðandi: "39. Ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Hótel Sögu 4. og 5. nóv. 1988 skorar á samgönguráðherra að fá það viðurkennt af lög-gjafarvaldinu með ákvæðum í vegalögum, að þar sem knýjandi er, að reiðvegur liggir meðfram hraðbraut, teljist reiðvegurinn hluti af umferðarmannvirkni, hvað lagningu og viðhaldskostnað snertir. Einnig verði þannig að skipulagi staðið, að umferð hestamanna komist hjá því að fara eftir akreinum, sem ætlaðar eru fyrir bíla-umferð." Alllög greinargerð fylgdi þessari tillögu.

Þingskjal 6 vísað til gæðinga- og unglinganefndar ásamt greinargerð.

"39. Ársþing L.H. haldið í Reykjavík dagana 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um gæðingakeppni: 1. kafli 1. gr. hljóði svo: Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Hross, sem taka þátt í kynbótasýningu, eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta að því undanskildu, að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi, hafa þó rétt til þátttöku." Alllög greinargerð fylgdi tillögunni.

Þingskjal 7 vísað til mótanefndar að lokinni framsögu Tryggva Gunnarssonar. "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir að fela stjórn L.H. að móta skýrar reglur um rétt til töku kvikmynda á filmur og myndbönd á hestamannamótum og hvaða rétt mótsnefndir hafa til að banna fjölföldun og sýningar mynda, sem ekki eru á vegum mótsnefnda."

Þingskjal 8 vísað til kynbótanefndar að lokinni framsögu Tryggva Gunnarssonar. "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir að fela stjórn L.H. að hlutast til um, að ríkissjóður standi skil á lögbundnum framlögum til verðlauna á kynbótahrossum samkvæmt búfjárræktarlögum á fjórðungs- og landsmótum. Jafnframt að hún kanni, hvort ríkissjóði beri ekki að greiða laun og ferðakostnað kynbótadómara á fjórðungs- og landsmótum."

Þingskjal 9 vísað til kynbótanefndar, og fylgdi Sigmar Pétursson því úr hlaði. "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu í Reykjavík samþykkir að beina þeirri áskorun til stjórnar Búnaðarfélags Íslands, að hún taki sér a.m.k. þriggja mánaða frest til að afgreiða umsókn um sölu stóðhesta úr landi. Frest þennan noti hún til þess að auglýsa rækilega fyrirhugaða sölu, svo tryggt sé, að áhugaaðilar um hrossarækt hér innan lands fái vitneskju um hana."

Þingskjal 10 vísað til ferðanefndar, en tillagan kom frá Hestamannafélaginu Faxe. "39. Ársþing L.H. beinir því til stjórnar L.H., að gefnar verði út upplýsingar um helztu ferðaleiðir og áningarstaði bæði á hálendinu og í byggð. Eins hvar hægt er að fá keypt hey. Upplýsingum þessum verði komið á framfæri í fjölmiðlum. Eins er æskilegt, að gefnir verði út bæklingar fyrir hvern landshluta. Verk þetta má vinna í samvinnu við einstök hestamannafélög og eins í samvinnu við Ferðapjónustu bænda."

+ ol.
Schw

Þingskjal 11 vísað til gæðinga- og unglinganefndar (frá Faxe). "39. Landsþing L.H. beinir því til dómarafélags L.H. og íþróttaráðs, að tryggt sé, að dómara á þeirra vegum eigi gildandi reglur og reglugerðir fyrir þær greinar, sem keppt er í á hverjum tíma." Stutt greinargerð fylgdi tillögunni.

Þingskjal 12 til gæðinga- og unglinganefndar ásamt greinargerð (frá Faxe). "39. Landsþing L.H. haldið í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir, að sömu reglur gildi um beizlabúnað og járningar í unglinga- og íþróttakeppni og gilda um gæðingakeppni. Undanskilið er þó í hlýðnikeppni og hindrunarstökki, þar sem einungis er leyft að keppa með hringamér og reiðmúl. Sjá reglugerð um gæðingakeppni 5. og 6. greinar og keppnisreglur um íþróttakeppni."

Þingskjal 13 frá Fákí, vísað til ferðanefndar og fylgt úr hlaði af Þorvaldi Þorvaldssyni. "39. Ársþing L.H. haldið að Hótel Sögu í Reykjavík dagana 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir að fela stjórn L.H. að beita sér fyrir því, að sumarferðalög á hestum færist meira en verið hefur úr óbyggðum í átt til byggða. Til að ná þessum markmiðum verði haft samráð og samstarf við áhrifaaðila í ferðamálum svo og Ferðapjónustu bænda og hestamannafélög hvert á sínu svæði. Stefna ber að nettengingu áningarstaða í byggðum landsins. Áherzla verði jafnframt lögð á að blása lífi í áframhaldandi starf við gerð leiðarlýsinga og kortlagningu reiðleiða fornra og nýrra."

Þingskjal 14 frá dómarafélagi L.H. og vísað til gæðinga- og unglinganefndar ásamt greinargerð. "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu í Reykjavík samþykkir, að sömu reglur skuli gilda um beizlabúnað á keppnishrossum, sem taka þátt í unglingakeppni eins og í gæðingakeppni innan vébanda L.H. Víst þar til 6. gr. í reglugerð um gæðingakeppni."

Þingskjal 15 frá Fákí vísað til allsherjarnefndar að aflokinni framsögn Katrínar Stellu Briem. "39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1988 beinir því til stjórnar L.H., að hún hlutist til um það við yfirdýralækni, að strangt eftirlit verði viðhaft í tollgæzlunni um innflutning á notuðum reiðtyggjum og reiðbúnaði til landsins vegna hættunnar á smitsjúkdómum. Auka þarf verulega fræðslu í þessum efnum og tryggja, að réttar upplýsingar og reglur, m.a. í formi bæklinga og auglýsinga, berist til erlendra hestamanna, sem heimsækja Íslands, svo og til íslenskra hestamanna, sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma."

Þingskjal 16 frá Erlingi Sigurðssyni, Helga Sigurðssyni og Hafliða Halldórssyni og vísað til gæðinga- og unglinganefndar. "39. Ársþing L.H. haldið að Hótel Sögu í Reykjavík dagana 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir:

Breytingartillaga við reglugerð um gæðingakeppni. 1. kafli 5. gr., þar sem stendur: Heimilt er að nota plastfleygbotna, mesta þykkt á hæl 11 mm, sem þynnist út í 0 við tá. Út falli: sem þynnist út í 0 við tá. Í staðinn komi: og mesta þykkt í tá 4 mm." Greinargerð fylgdi tillögunni frá flytjendum.

Þingskjal 17 frá þeim Gísli B. Björnssyni og Skúla Ö. Kristjónssyni og vísað til allsherjarnefndar. "39. Ársþing L.H. gerir sér ljóst, að stóráttak þarf til að tryggja fjárhagsstöðu Reiðhallarinnar h.f. Aukið eigið fé þarf til. Þingið skorar á hestamannafélögin að eignast hvert um sig í það minnsta lágmarkshlut í Reiðhöllinni h.f. Einnig beinir þingið því til stjórna félaganna innan L.H. að vinna að því, að sem flestir hestamenn á þeirra félagssvæði gerist hluthafar. Stjórn L.H. fylgist með framkvæmd þessa máls."

9. Reiðvegagerð í byggð: Framsögumaður Gunnar Gunnarsson, lögfræðingur Vegagerðar ríkisins. Kostnaður við reiðvegi er hverfandi miðað við akvegi. Fjárveitingar þykja alltaf lágar, en þó varð þreföldun 1987-1988. Fjárveitingar eru ákveðnar á Alþingi, en L.H. ákveður skiptingu milli hestamannafélaga. 7. maí 1982 var gert samkomulag milli L.H. og Vegagerðar ríkisins. Þess skuli gætt, að víst sé, að gerð reiðvega sé höfð í huga, þegar unnið er að vegaframkvæmdum, sérstaklega þar sem mikil umferð er. Samstarfsnefnd var skipuð með fulltrúum L.H. og fulltrúum Vegagerðar ríkisins, og skyldu þeir hittast einu sinni á ári.

Ýmislegt hefur áunnizt, síðan samkomulagið var gert 1982, gamlir vegir og brýr hafa verið látin standa. E.t.v. ættu sveitarfélög að taka þessi mál til sín og bera á þeim ábyrgð. Oft benda sveitarfélög á leiðir, sem eru miklu dýrari en þær, sem Vegagerðin sér. Samkomulagið er frá 1982 og hefur ekki verið haldið til fullnustu. Hestamenn þyrftu að taka málin af festu í sínar hendur. Kortleggja þyrfti upplýsingar um, hvar bezt væri að leggja reiðvegi með umferðarpunga í huga. Gera síðan langtímaáætlun, t.d. 12 ár fram í tímann. Með skipulögðum vinnubrögðum af þessu tagi væri betra og eflaust árangursríkara að leggja þessi mál fram, t.d. á Alþingi.

Annar framsögumaður, Jón Leví Tryggvason. Menn glöddust yfir samkomulagi Vegagerðar ríkisins og L.H. 1982 um gerð reiðleiða meðfram akvegum. Spurningin - hver á að borga - kemur alltaf upp. Hestamenn og hestamannafélög þyrftu að taka höndum saman og gera eitthvað röt-tækt sjálf. Afsökun Vegagerðar ríkisins er, að óskir hestamanna séu óljósar. Jón vísar í greinargerð starfshóps um reiðvegamál. Þingið ætti að marka stefnuna nú. Getum við breytt áherzluatriðunum og beint athyglinni að reiðvegamálu fyrir alvöru? Er umræða um mótshald og gæðingakeppni komin það vel á veg, að við getum beint sjónum okkar annað? Varla er hægt að ætlast til þess, að galtómur ríkiskassinn sjái aumur á okkur. Við hestamenn ættum að gera allt, sem í okkar valdi stendur til að gera viðhorf þjóðfélagsins til okkar eins jákvæð og mögulegt er.

10. Umræður um framsöguverindin:

Egill Bjarnason. Vegagerðin afhendir bóndanum oft gamla veginn upp í það land, sem fer í nýja veginn.

Þorkell Bjarnason. Gamlar reiðleiðir, t.d. Kónsvegur, lokaðar ferðamönnum, kominn nýr vegur, og þess vegna er þeim gamla lokað. Þetta er synd, en virðist löglegt. Þorkell hefur persónulega aðstöðu 10 km frá heimili sínu, þar sem m.a. eru stundaðar tamningar. Lagt var 5 km slitlag, en gleymdist að gera reiðleið þar meðfram.

Steinþór Runólfsson. Stórmál, tillaga um Reiðhöllina. Hver er rekstrar-áætlun til langs tíma? Hversu langt hrökkva aðgerðir núna?

Kristmundur Halldórsson. Þurfum að beita okkur meira í sambandi við reiðleiðamál, sérstaklega í þéttbýli. Fyrirspurn til Gunnars: Gilda einhverjar ákveðnar reglur um hlut Vegagerarinnar í kostnaði við hljóðmúra, t.d. í Kópavogi.

Sigurður Ásólfsson. Reiðvegamál. Þyrfti að huga að gömlu leiðunum, ekki sízt yfir hálendið. Vörður eru víða að hrúni komnar og þyrftu viðhald. Þyrfti að gefa e-ð út á prneti um vöð, hvenær og hvenær ekki.

Gunnar Sighvatsson. Gamlar reiðleiðir og viðhald á þeim sérlega áhugaverðar. Leiðinlegt, að ekki skuli vera dýralæknir á þinginu. Við erum vel sett á hörfuðborgarsvæðinu með Dýraspítalann og þar af leiðandi röntgentæki. Þyrfti að afla fleiri svona tækja út um land og aðstöðu dýralækna. Þetta er spurning um 500-600 þús. kr.

Kári Arnórsson. Umferðin í þéttbýliskjörnum mjög erfið og þyrfti að leysa. Alvörumál fyrir alla umferð. Taka þarf alvarlega á þessu máli. Þarf að gera gott skipulag fram í tímann.

Björn Sigurðsson. Áskorun um að vinna vel í ferðanefnd. Hvíllir skuggi yfir. Ógætilega farið með tölur í sambandi við hlutafé Reiðhalla. Vantar aukið hlutafé. Félög hafa nóg með sig við að koma sér upp félagsheimili og sæmilegum keppnisvelli. Umferð frá Hafnarfirði til Reykjavíkur gífurleg, ríkir ófremdarástand. Fákur þyrfti að vinna verk í sambandi við reiðvegi. Þá yrði auðveldara að heimsækja Fák.

Gunnar B. Gunnarsson. Hefur alltaf vantað fulltrúa frá Vegagerðinni. Uppbygging reiðvega fari fram samhliða uppbyggingu hraðbrauta. Mundi spara mikinn pening og vera mikil hjálp fyrir vegagerðarmenn að gera bráðabirgðaveg meðfram.

Gunnar Gunnarsson. Mótmælir Jóni Leví, að samkomulag frá 1982 hafi verið hundsað. Gengið nokkuð vel víða. Hestamenn verða að hafa meira frumkvæði sjálfir. Hjalti Pálsson, það er rétt, að Holtavörðuheiðarvegurinn gamli var rifinn sundur, og veit ég ekki hvers vegna. Gömlum reiðleiðum má ekki loka nema með leyfum og/eða ef nýr vegur er kominn í staðinn. Engar reglur til um, hver skuli bera kostnað af hljóðmúrum. Brýnt, að unnið sé af fyrirhyggju. Ef plagg er til um þetta, er hægt að sjá fyrir, hvar þarf að vinna að reiðleiðum jafnframt hraðbrautum, sem er vissulega hagkvæmara.

Jón Leví Tryggvason. Á fundi 14. des. 1982 var ákveðið að hittast árlega, þ.e. fulltrúar L.H. og Vegagerðar ríkisins. Aðeins hafa verið haldnir tveir fundir. Fulltrúar L.H. vita aldrei um framkvæmdir á hraðbrautum, fyrr en þær eru hafnar eða þeim lokið. Það vantar alla samvinnu og tjáskipti.

Guðmundur Ólafsson. Hefur gott eitt um samstarf við Vegagerðina að segja. Sökin er okkar megin. Það vantar allt skipulag.

11. Reiðskóli Reiðhallarinnar h.f.:

Bjarni E. Sigurðsson, nýráðinn skólastjóri Reiðhallarinnar h.f. Hann rakti fyrstu skrif um reiðkennslu frá 1925. Theódór Arnbjörns-son gaf út bók 1930 um hestamennsku. Bogi Eggertsson og Gunnar Bjarnason gáfu út bók um hestamennsku, "Á fáki". Rosemarie Þorleifsdóttir reiðkennari kemur heim frá námi í Þýzkalandi 1960 og heldur reiðnámskeið. Þar með koma straumar erlendis frá, og er þetta einungis byrjunin.

Skólanefnd hefur verið skipuð: Gísli B. Björnsson, Rosemarie Þorleifsdóttir og Gísli Ellertsson. Samvinna er með grunn- og framhaldsskólum.

Bjarni nefndi einn mann sérstaklega, sem beri að þakka fyrir mikinn áhuga á stofnun reiðskóla, en það er Sigurður Líndal.

Þá var fundi slitið, og nefndir hófu störf. Klukkan var 17.30.

Kl. 9⁰⁰ laugardaginn 5. nóv. var fundi fram haldið og tekið fyrir:

12. Álit og afgreiðsla þingmála frá nefndum:

- a. Fjárhagsnefnd. Framsögumaður Birgir Gunnarsson lagði fram þingskjal

nr. 2, og var það samþykkt eins og það lá fyrir samkvæmt fyrri bókun. Sami framsögumaður lagði fram þingskjal nr. 4, þ.e. fjárhagsáætlun L.H. fyrir árið 1989. Var það samþykkt eins og það lá fyrir með niðurstöðutölum kr. 4.004.400.00.

- b. Allsherjarnefnd. Framsögumaður Gísli B. Björnsson lagði fram eftirfarandi tillögur:

Þingskjal nr. 15 með þeirri breytingu, að inn í ályktunina bætist: "Landbúnaðarráðuneytið" og "yfirdýralæknir" o.s.frv. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 17 var samþykkt samhljóða eins og það hafði verið lagt fyrir samkvæmt fyrri bókun.

Svofellda tillögu lagði nefndin fram, og var hún samþykkt samhljóða án umræðna: "39. Ársþing L.H. beinir því til stjórnarinnar, að mótaðar verði reglur, sem gildi um stofnun nýrra félaga, þar sem félög eru þegar starfandi. Þær tillögur verði lagðar fyrir næsta ársþing."

Ennfremur lagði nefndin fram svofellda tillögu, er einnig var samþykkt samhljóða: "39. Ársþing L.H. harmar, að fjögur hestamannafélög í Eyja-firði hafa sagt sig úr Landssambandi hestamannafélaga. Vonast þingheimur til þess, að þau sjái sér fært að sameinast L.H. að nýju."

- c. Kynbótanefnd. Framsögumaður Steinþór Runólfsson lagði fram þingskjal nr. 8, sem nefndin hafði breytt og var samþykkt þannig samhljóða:

"39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir að fela stjórn L.H. að hlutast til um, að greidd séu lögbundin fram-lög til verðlauna á kynbótahrossum samkvæmt búfjárræktarlögum á fjórðungs- og landsmótum skv. 34. gr. laga 3/1 1973. Jafnframt verði fylgt eftir ákvæðum búfjárræktarlaga um greiðslu kostnaðar við dóms-störf á viðkomandi mótum."

Sami framsögumaður lagði fram þingskjal nr. 9, áður bókað, með þeim breytingum, að í stað þriggja mánaðanna komi mánaðar. Einnig, að á eftir orðunum "sölu stóðhesta" komi "og 1.v. hryssa úr landi."

Var þingskjalið þannig breytt samþykkt samhljóða.

- d. Gæðinga- og unglinganefnd. Framsögumaður Jóhann Þorsteinsson lagði fram eftirfarandi tillögur:

Þingskjal nr. 6, er var samþykkt samhljóða, eins og það er áður bókað.

Þingskjal nr. 14 óbreytt, og var það samþykkt samhljóða án umræðna.

Þingskjal nr. 11 lagði nefndin fram þannig breytt og var samþykkt eins og það lá fyrir eftir breytinguna: "39. Ársþing L.H. haldið í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1988 beinir því til dómarafélags L.H. og íþróttaráðs, að tryggt sé, að mótshaldarar og dómara á þeirra vegum eigi gildandi reglur og reglugerðir fyrir þær greinar, sem keppt er í á hverjum tíma. Sjálfsögð vinnuregla sé sú að senda dómurum og aðildarfélögum breytingar og nýprentanir á reglugerðum."

Sama nefnd lagði fram þingskjal nr. 16, og var það samþykkt án umræðna.

Ennfremur var þingskjal nr. 21 lagt fram af nefndinni og samþykkt samhljóða: "39. Ársþing L.H. haldið í Reykjavík 4. og 5. nóv. 1988 samþykkir að fela Gæðinga- og unglinganefnd sambandsins að endurskoða reglur um gæðinga- og unglingakeppni með það að markmiði að samræma reglur, eftir því sem eðlilegt þykir. Samstarf skal haft við Íþróttaráð L.H."

- e. Fræðslu- og útgáfunefnd. Framsögumaður Albert Jóhannsson hafði ekki fengið nein mál til afgreiðslu, en lagði fram svofelld álit, er verður þingskjal nr. 22:
1. Nefndin skoðaði drög að handriti um gerð kennslumyndbanda um byrjunaratriði í hestamennsku. Nefndin fagnar því, að skriður er kominn á málið. Rætt var um hugsanlegt samstarf fræðslunefndar L.H. og bændaskólanna við gerð og töku mynbandsins.
 2. Ræddar voru hugmyndir um stofnun bókaklúbbs L.H. Félagsmenn hans fá árlega Handbók hestamanna, fjölbreytt upplýsingarit með dagatali og a.m.k. eina bók á ári um efni, er snertir hesta- og hestamenn. Mælt er með því, að fræðslunefnd L.H. og ritnefnd Hestsins okkar taki hugmyndina til nánari athugunar.
 3. Nefndin leggur áherzlu á, að fræðsla í hvers konar mynd er vaxtarbroddur gróskumikilla félagstarfa hestamannafélaga.

Umræður urðu að lokinni ítarlegri framsöguræðu Alberts Jóhannssonar.

Þeir Guðmundur Ólafsson og Kári Arnórsson tóku mjög undir nauðsyn aukins fræðslustarfs og hvöttu til dáða í því efni.

Að loknu stuttu kaffihléi kvaddi Kristbjörg Eyvindsdóttir sér hljóðs og tók undir framanritaða ályktun, sem ekki var borin undir atkvæði, og lauk umfjöllun málsins þar með.

Kári Arnórsson kvaddi sér hljóðs og upplýsti, að Hestamannafélagið Léttir á Akureyri héldi upp á 60 ára afmæli sitt þarna um kvöldið. Lagði Kári til, og var það samþykkt með lófataki, að félaginu yrði sent svofellt heillaskeyti:

Hestamannafélagið Léttir, hr. Jón Ó. Sigfússon formaður.
Grundargerði B, Akureyri.

39. Ársþing L.H. haldið á Hótel Sögu 4. og 5. nóvember sendir Hestamannafélaginu Létti árnaðaróskir á 60 ára afmælisfagnað félagsins og óskar því allra heilla í framtíðinni.

Skúli Kristjónsson vakti athygli á því, að framkvæmdastjóri Reiðhallarinnar h.f. væri staddur á þinginu með hlutabréf félagsins. Hvatti Skúli þingfulltrúa til þess að kaupa bréfin, sem má greiða á fjórum árum og eru vaxtalaus. Taldi Skúli mikið í húfi að leysa úr fjármagnsskorti fyrirtækisins.

Var nú fram haldið afgreiðslu mála frá nefndum.

- f. Mótanefnd. Framsögumaður, Sigfús Guðmundsson, lagði fram þingskjal nr. 7 áður bókað, og var það samþykkt óbreytt samhljóða.
- g. Ferðanefnd. Framsögumaður, Björn Sigurðsson, sagði, að mjög mikil þátttaka hefði verið í störfum nefndarinnar, er lýsti miklum áhuga um ferðamál.
- Þingskjal nr. 5 var samþykkt samhljóða með þeirri breytingu, að í staðinn fyrir orðið hraðbraut komi akbraut með bundnu slitlagi.
- Þingskjal nr. 10 var samþykkt samhljóða óbreytt.
- Þingskjal nr. 13 var samþykkt með þeirri breytingu frá ferðanefnd, að inn í fyrstu málsgrein komi "fyrir bættari aðstöðu til sumarferða á hestum um byggðir landsins og létta þar með álagi af viðkvæmum hálendisgróðri". Kemur þetta í stað síðasta hluta málsgreinarinnar.
- Eftirfarandi ályktun lagði ferðanefnd fram á þingskjal nr. 22.

"39. Ársþing L.H. vill beina því til hestamannafélaga í þéttbýli, að koma þurfi á samstarfsnefnd viðkomandi bæjarfélags í svipuðu formi og L.H. gerði við Vegagerð ríkisins í maí 1982. Tilgangur nefndarinnar yrði að koma umferð ríðandi manna alfarið af bílvegum á skipulagðar reiðgötur, sem bæjarfélagið sæi um að leggja. Slysa-hætta af þessari blönduðu umferð er orðin algerlega óviðunandi." samþykkt samhljóða.

Ferðanefndin lagði einnig fram eftirfarandi ályktun, er samþykkt var án umræða: "39. Ársþing L.H. lætur í ljós ánægju með störf starfs-hóps um reiðvegamála. Þingið telur einsýnt, að halda þurfi starfi þessu áfram og felur starfshópnum að fylgja fast því sjónarmiði að lögfasta umferðarrétt hestamanna bæði á þjóðvegum og ferðaslóðum almennt."

Kl. tæplega 12 gaf þingforseti, sem þennan dag er Guðmundur Jónsson, matarhlé í 1 1/2 klukkustund eða til kl. 13³⁰.

- h. Laganefnd. Framsögumaður, Þorleifur Pálsson, lagði fram þingskjal nr. 3 og leggur til, að framkomnar tillögur verði samþykktar með eftirfarandi breytingum:

1. Alls staðar, þar sem segir: "Ársþing" í lögum félagsins komi "Landsþing".
2. Í stað upphafs 5. gr. "Ársþing hestamannafélaganna skal skipað fulltrúum, er félögin kjósa til eins árs í senn" komi "Landsþing hestamannafélaganna skal skipað fulltrúum, er félögin kjósa".
3. Í stað b. liðs í 6. gr. "Reikningar og fjárhagsáætlun næsta árs" komi "Reikningar og fjárhagsáætlun næstu tveggja ára".
4. 7. gr. verði borin upp óbreytt (áður bókuð).
5. 9. gr. verði borin upp óbreytt að viðbættri eftirfarandi klausu: Stjórn L.H. eða þingforsetar ákveða, hvort tillögur, sem berast eftir tilskilinn frest, skuli hljóta umfjöllun þingsins.
6. Í stað 2. mgr. 11. gr.: "Reikningsár L.H. er almanaksárið. Þó skal Ársþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8-9 mánaða ársins, sem er að líða. Gerð ársreiknings skal lokið og honum komið í hendur endurskoðenda eigi síðar en sex vikum fyrir ársþing". komi "Reikningsár L.H. er almanaksárið. Endurskoðaða ársreikninga skal leggja fyrir Landsþing. Fyrir formannafund skal lagður fram endurskoðaður ársreikningur liðins árs til kynningar. Gerð ársreiknings skal lokið eigi síðar en sex vikum fyrir Landsþing eða formannafund."
7. Í stað 1. málslíðar 12. gr. "Úrsögn úr L.H. skal bundin við Ársþing og komin til stjórnar fyrir 1. júlí." komi "Úrsögn úr L.H. skal bundin við Landsþing eða formannafund og komin til stjórnar fyrir 1. júlí."

Ákvæði til bráðabirgða:

1. Verði þessar breytingartillögur við lög samþykktar, koma þær til framkvæmda á Landsþingi 1989.
2. Verði þessar breytingartillögur við lögin samþykktar, felur 39. Ársþing L.H. stjórn L.H. að láta semja tillögu að fundar-sköpum fyrir formannafund og leggja þær fyrir næsta landsþing 1989, svo og að semja breytingar að öðrum reglum L.H. til samræmis við lög sambandsins.

Framsögumaður laganefndar, Þorleifur Pálsson, taldi ljóst, að um þetta mál væru skiptar skoðanir. Sex manns sátu í laganefnd, og taldi fram-sögumaður bagalegt, að svo væri gert upp á milli nefnda.

Sveinn Runólfsson bað um orðið. Taldi hann, að formannafundur ætti að geta samþykkt ársreikninga.

Stefán Pálsson tók næstur til máls: "Þing sem þessi hafa geysilega mikið félagslegt gildi. Stór hópur manna fær tækifæri til að hittast og bera saman bækur sínar. Við, sem hér erum, vitum betur, að mikið er að gerast á vegum samtakanna, þó að raddir séu uppi um, að ekkert sé um að vera. Okkur veitir ekkert af að hittast, og formannafundur eiga líka fullan rétt á sér."

Næst steig í pontu Hreinn Arnason. "Á hverju ári kemur bylgja félagslegra áhrifa og veitir okkur því ekkert af að hittast árlega, þó að menn tali um, að kostnaður sé mikill við að senda fulltrúa. Formannafundur á fullan rétt á sér."

Birgir Gunnarsson tók næstur til máls og sagði: "Formannafundurinn tókst vel. Mér er persónulega mikil ánægja að koma á landsþing. Ekki samþykkur tillögunni."

Albert Jóhannsson steig næstur í pontu. "Grunnurinn er hjá hestamannafélögunum sjálfum. Ef við segjum, að ekkert gerist á landsþingum, gagnrýnum við sjálf okkur í leiðinni. Mjög erfitt gæti orðið að skipta um heila stjórn á einu bretti."

Bragi Björgmundsson kvaddi sér hljóðs. "Menn skulu athuga mikilvægi þinganna til að auka kynni félaganna."

Sigfús Jóhannsson. "Við getum eins talað um að fresta jólunum. Endurminningar, að kynnast öðrum félögum, er mjög dýrmætt."

Kristján Guðmundsson steig næstur í pontu. "Við megum ekki láta tilfinningarnar hlaupa með okkur í gönur og rugla málefnalega umræðu. Við skulum nú athuga, hverjir bera tillöguna fram. Það er stjórn Landssambands hestamanna. Vil ég nú biðja þá stjórnarmenn að gera grein fyrir ástæðum fyrir flutningi þessarar tillögu. Ég tel það móðgun við hestamannafélag, þegar stjórnin treystir sér ekki til að heimsækja öll hestamannafélögin. Bezt fyrir okkur að koma inn á aðalfund hvers félags og heyra raddir hins almenna félagsmanns."

Kári Arnórsson tók næstur til máls. "Ekki endilega kappsmál stjórnarinnar, en oft heyrzt raddir þess efnis að fækka þingum. Einnig kom þetta til tals á formannafundi, þar sem mættir voru 39 formenn. Varðandi, að stjórnarmenn heimsæki félögin, vil ég benda á, að stjórnin þarf að vinna og ferðalög kosta tíma. Hér er verið að tala um praktíska hluti, hvernig er bezt að haga vinnu. Bezt væri, að formenn félaga komi saman árlega líka."

Kristmundur Halldórsson. "Í fundargerð frá formannafundi kemur ekkert fram um, að fundarmenn hafi óskað eftir að fella niður annað hvert þing."

Skúli Kristjánsson. "Stjórnin vill einungis vita vilja félagsmanna. Ferðakostnaður stjórnar er í algjöru lágmarki."

Leifur Jóhannesson. "Mér finnst leiðinlegt að hafa ekki getað verið við setningu þingsins, en enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Alls staðar hittir hann fyrir hestamenn, á leið á sjúkrahús, á sjúkrahúsinu o.s.frv. Þeir eru alls staðar. Stjórninni þótti rétt, að þetta kæmi fram á fundinum, því að málið skýtur upp kollinum sí og æ. Þetta kom fram á formannafundinum, að mikil ánægja var með hann og almenn virkni fundarmanna."

Erfitt að halda þessi þing nema á tiltölulega fáum stöðum á landinu. Að stjórnarmenn fari til félagannam væri mjög æskilegt. Það þyrfti að raða aðalfundunum vel niður til að spara ferðakostnað."

Ekki tóku fleiri til máls um þetta mál, og var því gengið til atkvæða. Fyrst var borin upp 9. gr. Tólf voru samþykkir, 57 voru á móti. Tillagan var þar með fallin. Aðrar greinar hennar voru þar með fallnar.

Laganefnd, þingskjal nr. 1. Framsögumaður, Þorleifur Pálsson, gerði grein fyrir, hvernig gildandi lagaákvæði eru um félagsréttindi L.H.

Grímur Gíslason kvaddi sér hljóðs og vakti athygli á því, að réttindi og skyldur ættu að fara saman, og því væri eðlilegt, að Dómarafélag L.H. greiddi félagsgjöld til L.H., sé því veitt full aðild.

Egill Bjarnason tók í sama streng og Grímur Gíslason.

Skúli Kristjánsson vill hafa D.L.H. gjaldfrítt.

Kári Arnórsson ræddi um, hvaða ástæða væri fyrir umsókninni án gjaldskyldu af hálfu D.L.H.

Grímur Gíslason tók aftur til máls og benti á, að lítið væri unnið við fulla aðild D.L.H. að L.H.

Breytingartillaga frá Jóhanni Þorsteinssyni um fulla aðild að L.H., þ.e. 2 fulltrúa á Ársþing. Fyrst var breytingartillaga Jóhanns Þorsteinssonar borin upp, og fékk hún ekki nægilegt fylgi til þess að öðlast samþykki til breytinga á lögum L.H. Sömu leiðis fór með aðaltillögu á þingskjali nr. 1.

Forseti gerði kaffihlé á þingstörfum kl. 1530.

13. Er hér var komið, var lokið afgreiðslu mála frá nefndum. Í framhaldi af því og fyrir kaffihléið kvaddi Gunnar Bjarnason fv. ráðunautur sér hljóðs og flutti óformlega tillögu um, að stofnuð verði ný samtök "Hestaþing Íslendinga". Aðilar að því yrðu öll þau félög, sem hafa með að gera íslenzka hestinn eða tengjast honum á einhvern hátt. Ekki urðu umræður vegna ræðu Gunnars.

Fundi var fram haldið að loknu kaffihéli og fyrir tekið:

14. Kosningar. Formaður var kosinn Kári Arnórsson í stað Leifs Kr. Jóhannessonar, er lýst hafði yfir, að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs.

Tryggvi Gunnarsson gerði í upphafi kosninga tillögu um, að Kári yrði kosinn formaður, og komu ekki aðrar uppástungur fram. Hlaut Kári 74 atkvæði. Auðir seðlar voru 17 og ógildir 2.

Kristján Guðmundsson fékk 3 atkvæði, Guðmundur Jónsson 2, Ágúst Oddsson 1 og Gunnar Gunnarsson 1. Alls komu þannig fram 100 atkvæði.

Meðstjórnendur. Egill Bjarnason lýsti því yfir, að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs. Hann þakkaði fyrir ánægjulegt samstarf í stjórn L.H. allt frá árinu 1971. Í lok ræðu sinnar stakk hann upp á Sigurði Hallmarssyni frá Húsavík í stjórnina. Sigurður Sveinbjörnsson stakk upp á kjöri Jóns Bergssonar á Ketilstöðum í stað Guðrúnar Gunnarsdóttur, sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs.

Birgir Gunnarsson stakk upp á Kristbjörgu Eyvindsdóttur, að hún yrði endurkjörin í stjórnina.

Fleiri uppástungur komu ekki fram.

Kosning fór þannig, að kosnir voru:

Kristbjörg Eyvindsdóttir með 99 atkvæði.
Sigurður Hallmarsson " 97 "
Jón Bergsson " 82 "

Átta nöfn fengu frá 1 upp í 5 atkvæði, og einn seðill var auður.

Meðstjórnandi til eins árs í stað Kára Arnórssonar var kosinn Guðmundur Jónsson á Reykjum samkvæmt uppástungu Bjarna Mathiesen. Aðrar uppástungur komu ekki fram, og fékk Guðmundur 91 atkvæði. Fjórir aðilar fengu sitt atkvæðið hver, og einn seðill var auður.

Fimm varamenn í stjórn. Sveinn Jónsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs, og Guðmundur Jónsson færðist upp í aðalstjórn. Aðrir, sem verið höfðu í varastjórn, gáfu kost á endurkjöri. Þrjátíu og fjórir hlutu atkvæði til setu í varastjórn, en kosnir voru:

Ingimar Ingimarsson með 78 atkvæði.
Sigfús Guðmundsson " 75 "
Sigbjörn Björnsson " 68 "
Hreinn Árnason " 61 "
Elísabet Þórólfsdóttir " 56 "

Endurskoðendur voru endurkjörnir, þeir Gísli B. Björnsson og Þorvaldur Þorvaldsson. Voru þeir kosnir með lófataki, þar sem forseti leyfði þau afbrigði.

15. Pétur Jökull Hákonarson kom í ræðustól og kallaði upp Guðmund Ó. Guðmundsson, sem hefur veitt íþróttaráði ómælda aðstoð og sýnt mikla vinsemd og fyrirgreiðslu. Var Guðmundi færður veglegur blómvöndur frá stjórn íþróttaráðs í viðurkenningarskyni, og kvað við dynjandi lófatak fulltrúa Guðmundi til heiðurs.

Gunnar B. Gunnarsson þakkaði fráfarandi formanni og fráfarandi stjórnarmönnum gott samstarf og óskaði Kára Arnórssyni velfarnaðar í starfi. Ennfremur þakkaði hann Guðmundi Ó. Guðmundssyni gott samstarf. Bauð hann nýja stjórnarmenn velkoma til starfa.

Guðmundur Ó. Guðmundsson þakkaði fyrir hlý orð frá Pétri Jökli og Gunnari Gunnarssyni. Þakkaði stjórnarfólki samstarfið og óskaði nýrri stjórn til hamingju og bað henni velfarnaðar.

Kári Arnórsson þakkaði traust, er honum hefði verið sýnt með formannskjörinu. Hann þakkaði þingfulltrúum góða fundarsetu og störf. Hann bauð Hjalta Pálsson velkominn til starfa og sagði, að aðeins væri eftir að ganga frá ráðningarsamningi við hann.

Kári þakkaði Faki fyrir allan aðbúnað við þinghaldið og sagði, að Ljúfur í Hveragerði byði til næsta þinghalds á árinu 1989.

16. Samþykkt var á fundinum í gær, að þingið sendi Leifi Kr. Jóhannessyni skeyti. Var það fært á kort svohljóðandi:

"Leifur Kr. Jóhannesson, Handlækningadeild Landspítalans, Reykjavík. Sendum þér beztu kveðjur og óskir um skjótan og varanlegan bata. Þökkum störf þín að málefnum okkar hestamanna. Fulltrúar á 39. Ársþingi L.H., Reykjavík."

Þinginu var slitið kl. tæplega 18⁰⁰, og lýkur hér bókun þess.

Þingfulltrúar munu velflestir hittast aftur í kvöld hér á Hótel Sögu í kvöldfagnaði Fáks.

Grímur Gíslason (sign.)

